

Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Mættir eru á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM

Dagskrá:

- 1. Uppfært umsóknarform fyrir seinni úthlutun úr myndlistarsjóði**
Breytingar gerðar á umsóknarforminu eftir ábendingar frá síðustu úthlutun.
Leiðbeiningar á heimasíðu og í umsóknarforminu yfirfarið og lagað í samræmi við þær.
- 2. Ársskýrsla myndlistarsjóðs 2020**
Kynning á drögum að ársskýrslu myndlistarráðs 2020. Ráðsmenn fengu eintak og munu fá lokaskýrslu senda fljótlega.
- 3. Eftirfylgni vegna afhendingu á íslensku myndlistarverðlaununum 2021 og atkvæðagreiðsla um tillögu á að fjölga viðurkenningum 2022.**
Rætt var um möguleika á að hafa sýningu á verkum tilnefndra listamanna í samstarfi við söfn að fyrirmynd bresku myndlistarverðlaunanna The Turner Prize, en það var upphaflega hugmyndin við stofnun íslensku myndlistarverðlaunanna.

Tillaga Guðrúnar Erlu Geirsdóttur að tveimur nýjum flokkum sem Myndlistarráð veitir viðurkenningar fyrir var samþykkt einróma.

Tillagan lítur að því að fjölga viðurkenningum um tvennt:

1. Áhugaverðasta endurlitið.

Viðurkenningin verði árlega veitt safni, sýningarými, hópi og/eða sýningarstjóra sem staðið hefur að einstaklega vel heppnaðri sýningu hér á landi á eldri og innlendri myndlist þar sem ljósi er varpað á listgrein, stefnu, hóp eða einstakling.

2. Áhugaverðasta samsýningin.

Viðurkenningin verði árlega veitt safni, sýningarými, myndlistahátíð, hópi og/eða sýningarstjóra er staðið hefur að samsýningu á innlendri myndlist sem talin er hafa skarað fram úr á sýningar vettvangi hér á landi.

Greinagerð Guðrúnar Erlu má lesa í heild í fylgiskjali fundargerðar.

Ákveðið var einnig um að kalla eftir tillögum almennings um viðurkenningar í desember sem myndlistarráð hefði til hliðsjónar við val sitt.

4. Samningur myndlistarsjóðs og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar 2021

Samningur lesinn yfir af ráðsmönnum og verður undirritaður á næsta fundi.

5. Önnur mál

Rætt um fyrirhugaða stofnun myndlistarmiðstöðvar. Auður, Helgi og Hlynur sitja í vinnuhóp um myndlistarstefnu þar sem ein af aðgerðu stefnunar er stofnun myndlistarmiðstöðvar og segja frá stöðu mála og vinnunni framundan.

Næsti fundur er áætlaðir mánudaginn 30. ágúst kl. 8:30

Fylgiskjal með fundargerð

Greinargerð með tillögu Guðrúnar Erlu Geirsdóttur

Guðrún Erla Geirsdóttir, fulltrúi SÍM í Myndlistarráði, leggur fram tillögu að tveim nýjum flokkum sem Myndlistarráð veiti viðurkenningar fyrir. Óskað er eftir að greidd verði atkvæði um töllöguna.

1. **Áhugaverðasta endurlitið.**

Viðurkenningin verði árlega veitt safni, sýningarými, hópi og/eða sýningarstjóra sem staðið hefur að einstaklega vel heppnaðri sýningu hér á landi á eldri og innlendri myndlist þar sem ljósi er varpað á listgrein, stefnu, hóp eða einstakling.

2. **Áhugaverðasta samsýningin.**

Viðurkenningin verði árlega veitt safni, sýningarými, myndlistahátíð, hópi og/eða sýningarstjóra er staðið hefur að samsýningu á innlendri myndlist sem talin er hafa skarað fram úr á sýningar vettvangi hér á landi.

Greinargerð:

Árlega veita ýmis aðilar viðurkenningar og verðlaun til listafólks sem sem skarað hefur fram úr árið á undan.

Tilgangurinn er ekki aðeins að heiðra hlutaðeigandi heldur ekki síður að vekja athygli á listgreininni hjá almenning og opinberum aðilum s.s. gegnum fjölmiðlaumfjallanir sem fylgja atburðinum. Enginn vafi liggur á að hátíðarviðburðir og umfjöllanir sem fylgja afhendingum hafa aukið hróður listgreinananna.

Hér á landi hefur þessum uppskeruhátíðum vaxið fiskur um hrygg og flokkum sem veittar eru viðurkenningar fyrir hefur fjölgað. Sem dæmi má nefna að veittar voru 39 viðurkenningar og verðlaun á íslensku tónlistarverðlaununum 2021. Það sama á við um aðrar listgreinar svo sem íslensku leiklistarverðlaunin Gríman og kvikmyndaverðlaunin Eddan - þar hefur einnig orðið fjölgun. Einnig eru aðrar skapandi greinar s.s. hönnun farnar að veita verðlaun og viðurkenningar þar sem nýir flokkar hafa bæst við nær árlega.

Íslensku Myndlistarverðlaunin, sem veitt eru í tveim flokkum, voru fyrst afhent 2017 og voru þau tillaga Ingibjargar Jóhönnu Gunnlaugsdóttur þáverandi fulltrúa SÍM í Myndlistaráði. Við síðustu úthlutun var bætt við tveim viðurkenningum og mæltist það vel fyrir. Réttilega hefur verið bent á að með fjölgun verðlauna og viðurkenninga Myndlistarráðs verði athyglin ekki eins mikil á tvo einstaklinga heldur dreyfist hún á fleiri. Því er til að svara að það hlýtur að vera markmið Myndlistarráðs að beina

athyglinni að sem flestum myndlistarmönnum og starfi þeirra en ekki að hampa fáum. Einnig hefur verið bent á að afhending Myndlistaverðlaunanna hafi ekki fengið mikla umfjöllun hjá sjónvarpi allra landsmanna RÚV. Engin ástæða er til að Myndlistarráð sætti sig við að uppskeruhátíð myndlistar fái ekki sambærilega umfjöllun og hátíðir annarra greina svo sem kvikmyndir, leikhús, tónlist, bókmenntir og hönnun. Það er mál sem þarf að taka upp við yfirmenn RÚV og krefjast jafnræðis, enda telur SÍM um eitt þúsund félagsmenn og eru þó ekki allir sem starfa að myndlist í samtökunum.